



Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 26.3.2025
Málsnúmer: 202502-0035
IAS

Efni: Aðaltorg M12, tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í erindi frá Reykjanesbæ frá 12. febrúar 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Breytingin felst í því að stækka landnotkunarreit Miðsvæði 12 (M12) til norðurs og austurs um 4,25 ha og auka heildarbyggingarmagn í 100.000 m² með heimild fyrir 450 íbúðum, þar af 138 þjónustu og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara. Með breytingu þessari mun nýtingarhlutfall fara úr 0.2 í 0.6.

Svæðið er utan verndarsvæða en rétt við alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, Rosmhvalanes, en þar er maðal annars langstærsta sílamáfsvarp landsins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsinguna frá 10. apríl 2024, kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að leggja mat á þéttleika fuglavarps en máfategundir sem og mófuglar hafa nýtt svæðið og nálæg svæði til varps.

Í kafla um: „Verndarsvæði, vatn, gróður, dýralíf, samfélag og landslag“ er ekkert fjallað um fuglalíf á svæðinu en í niðurstöðukafla er m.a. minnst á úttekt á fuglalífi en niðurstöður þeirra úttektar koma hvergi fram.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að koma þurfi fram í tillögunni hvaða fuglar nýta svæðið og hver þéttleiki þeirra er.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur